

Vinnuhópur um bókasafnsmál : svar við  
orðsendingu orkumálastjóra

**Erla Sigpórsdóttir  
Jón Örn Bjarnason  
Páll Ingólfsson**

**VINNUHÓPUR UM BÓKASAFNSMÁL:  
SVAR VIÐ ORÐSENDINGU ORKUMÁLASTJÓRA**

Með orðsendingu dagsettri 3. desember 1996 fól Orkumálastjóri undirrituðum að mynda starfshóp, sem móta skyldi hugmyndir um framtíð og fyrirkomulag bókasafnsmála í nýju skipulagi Orkustofnunar. Í erindinu voru m.a. lagðar fram fimm spurningar sem hópnum var ætlað að ígrunda. Hann hefur nú fjallað um þessi mál á fundum, og verða hér lagðar fram helstu niðurstöður þeirra umræðna. Spurningar erindisbréfsins eru skáletraðar í því sem á eftir fer.

1. *Hverjir eru notendur bókasafnsins í dag? Hvað eru þeir margir? Hvað margir utan stofnunar nýta safnið?*

Notendahópur bókasafnsins hefur aldrei verið kannaður sérstaklega, né notkun safnsins mæld. Þó virðist ljóst að af liðlega 90 starfsmönnum Orkustofnunar nýti 65 – 70 sér safnið nokkuð reglulega, þótt mjög sé mismunandi hversu oft það er. Einnig nota nemendur Jarðhitaskólans safnið töluvert mikið. Að utan berast erindi til safnsins, nánast daglega, og oft fleiri en eitt, og ýmsir koma utan úr bæ á safnið. Ætla má, að til uppjafnaðar séu afgreiðslur til aðila utanhúss a.m.k. ein til fimm á dag.

Mjög er mismunandi hversu mikil vinna er við að sinna þessum heimsóknnum eða erindum innan og utan stofnunar. Þó er ljóst, að mikill tími bókavarða fer í að afgreiða skýrslur Orkustofnunar, því allar skýrslur eldri en tíu ára eru í geymslum á 2. hæð og í kjallara, sem aðeins bókaverðir hafa aðgang að. Þar eru einnig geymd öll tímarit eldri en eins árs. Mikið hagræði væri augljóslega að því að koma bókasafninu öllu fyrir á einum stað, en það er nú á þremur, og samt harla þröngt um það.

Starfsmenn Orkustofnunar koma oft á safnið án þess að þurfa aðstoðar bókavarða, en stór hluti þjónustu við þá felst í að ljósrita eða útvega tímaritsgreinar og ljósrita efnisyfirlit tímarita, sem dreift er innanhúss.

2. *Er skynsamlegt að færa safn teikninga og vörslu þeirra yfir á ábyrgðarsvið bókasafnsins m.a. með hliðsjón af því að rekstrarfyrirkomulagi teiknistofu kunni að verða breytt?*

Meðan rekstrarfyrirkomulag teiknistofu er óbreytt er eðlilegast að teikningar séu varðveittar þar. Þurfi til eldri teikninga að grípa, eru þær hvort eð er afritaðar á teiknistofu, ellegar uppfærðar ef nauðsyn krefur, og væri þá óhagræði í því að verða að leita til bókasafns í hvert skipti. Fari hins vegar svo, að rekstur teiknistofu verði skilinn frá öðrum rekstri Orkustofnunar, getur stofnunin tæplega vikið sér undan því að varðveita eigin teikningar. Í því tilviki kæmi vissulega til greina að bókasafnið hefði umsjón með þeim. En þá yrði líka að sjá safninu fyrir nægilegu húsnæði og mannskap til að sinna því verki.



3. *Er varsla bókasafnsins á skýrslum á góðu róli, eða eru einhver brögð að því að þær séu ekki vistaðar á bókasafninu?*

Skýrslur Orkustofnunar skiptast í tvo flokka, A-skýrslur og B-skýrslur. Útgáfustjóri stofnunarinnar sér um útgáfu þeirra, og hefur eintökum af skýrslum undantekingarlaust verið skilað á bókasafn, allt frá ársbyrjun 1979, er fastar reglur voru settar um skýrsluútgáfu stofnunarinnar, en þessi flokkaskipting var tekin upp í byrjun árs 1982. Það hefur hent að dráttur hefur orðið á skilum þegar útgáfu skýrslu hefur verið frestað af einhverjum orsökum, eftir að henni hefur verið úthlutað númeri, en slíkt heyrir til algerra undantekninga. Bókasafnið heldur skrá um allar skýrslur stofnunarinnar og forvera hennar frá 1947, og varðveitir eintök af þeim öllum, að undanteknum örfáum gömlum skýrslum, sem aldrei var skilað til safnsins.

Útgáfa svonefndra greinargerða, sem hófst 1980, er hins vegar á hendi höfunda. Þær eru ekki allar til á bókasafni, því að höfundar hafa stundum látið undir höfuð leggjast að skila þeim. Þó hafa skil farið batnandi á undanförunum árum. Í upphafi voru greinargerðir skilgreindar sem skjöl, sem ekki væru varðveitt í formi bréfa eða gefin út sem skýrslur, en engu að síður nauðsynlegt að varðveita sem heimildir. Greinargerðir eru yfirleitt mjög stuttar, oft aðeins ein blaðsíða eða tvær. Vegna hins ákveðna forms og einfaldrar skrásetningar hafa margir starfsmenn einmitt kosið að afgreiða fremur mál með greinargerð en bréfi. Æskilegt væri að hnykkja á reglum um skil greinargerða til bókasafns.

4. *Hvar ætti að vista bókasafnið og tengda starfsemi í hinu nýja skipulagi m.a. með hliðsjón af notendahópi safnsins?*

Starfshópurinn telur eðlilegast að safnið sé vistað á Orkumálasviði. Að því hníga nokkur rök.

Í fyrsta lagi er ljóst að menn utan stofnunar nota bókasafnið í umtalsverðum mæli og geta erindi þessi oft verið æði tímafrek. Engu að síður hlýtur Orkustofnun að eiga skyldum að gegna við þá borgara, sem leita þurfa upplýsinga um orkumál.

Í annan stað skal bent á vörsluhlutverk bókasafnsins, en safnið sér um að varðveita skýrslur, greinargerðir, bréf og önnur plögg, sem varða orkumál og orkurannsóknir á Íslandi. Í raun má því segja að bókasafnið sé hluti af gagnasafni Orkustofnunar í víðari skilningi.

Í þriðja lagi má nefna vörslu þeirra tímarita um orkumál og skyld efni, sem bókasafnið kaupir. Bókasafn Orkustofnunar er í flokki rannsóknar- og sérfræðibókasafna og er þar hið þriðja stærsta í landinu.

Það má því segja að einungis hluti af starfsemi bókasafnsins sé þjónusta við innanhússfólk. Annar hluti hlýtur að flokkast undir kjarnastarfsemi stofnunarinnar þar sem er skýrslu- og bréfavarsla. Og loks er þjónusta við utanhússmenn talsverður hluti starfsseminnar. Við teljum því að betur fari á að bókasafnið heyri undir orkumálasviðið en sameiginlega þjónustu, sem væntanlega verður fyrst og fremst bókhalds- og rekstrardeild. Því má svo bæta við hér, að grunnur til að byggja á kostnaðarskiptingu milli sviða er hvort eð er ekki fyrir hendi.

5. *Kemur til álita e.k. samvinna við önnur bókasöfn, t.d. hjá Landsvirkjun?*

Bókasafn Orkustofnunar og ýmis önnur bókasöfn, einkum söfn Háskólans, Hafrannsóknarstofnunar, Landsvirkjunar og Náttúrufræðistofnunar, hafa nú um allanga hríð samhæft tímaritakaup sín, þannig að unnt sé að nálgast sem flest tímarit í landinu, án þess að mörg eintök séu af þeim ritum sem lítið eru notuð. Þá hefur mikið og gott samstarf verið um millisafnalán.

Það er von starfshópsins að þessar upplýsingar megi verða yfirstjórn stofnunarinnar að nokkru gagni.

Erla Sigþórsdóttir  
Jón Örn Bjarnason  
Páll Ingólfsson

Reykjavík, 5.12.1996

*Til: Orkumálastjóra*

Svar vinnuhóps um bókasafnsmál varðandi 4. lið orðsendingar orkumálastjóra frá 3.12.1996.

Það er sameiginlegt álit okkar í vinnuhópnum að í hinu nýja skipulagi Orkustofnunar verði bókasafnið vistað á orkumálasviði.

Helstu rökin eru þessi:

- Bókasafnið er hluti af gagnasafni stofnunarinnar og því teljum við að betur fari á að það heyri undir orkumálasviðið fremur en sameiginlega þjónustu, sem væntanlega verður fyrst og fremst bókhalds- og rekstrardeild.
- Talsverður hluti af starfsemi bókasafnsins er þjónusta við aðila utan stofnunarinnar, en ekki er þó vitað um nákvæmt hlutfall kostnaðar við þá vinnu af heildarkostnaði safnsins.

f.h. vinnuhópsins

Erla Sigbórsdóttir





Reykjavík, 3.12. 1996

Til: Erlu Sigbórsdóttur  
Jóns Arnar Bjarnasonar og  
Páls Ingólfssonar

Frá: Þorkeli Helgasyni 

Efni: Vinnuhópur um bókasafnsmál.

Ég vil biðja ykkur viðtakendur þessar orðsendingar að mynda vinnuhóp um framtíð og fyrirkomulag bókasafnsmála í hinu breytta skipulagi Orkustofnunar sem tekur gildi um áramót. Meðal spurninga sem ég bið ykkur að íhuga eru eftirandi:

1. Hverjir eru notendur bókasafnsins í dag? Hvað eru þeir margir? Hvað margir utan stofnunar nýta safnið?
2. Er skynsamlegt að færa safn teikninga og vörslu þeirra yfir á ábyrgðarsvið bókasafnsins m.a. með hliðsjón af því að rekstrarfyrirkomulagi teiknistofu kunni að verða breytt?
3. Er varsla bókasafnsins á skýrslum á góðu róli, eða eru einhver brögð að því að þær séu ekki vistaðar á bókasafninu?. Þetta kann að eiga sérstaklega við um skýrslur um ríkisverk, og getur það stafað af því að þeim skýrslum sé ekki lokið.
4. Hvar ætti að vista bókasafnið og tengda starfsemi í hinu nýja skipulagi m.a. með hliðsjón af notendahópi safnsins?. Mér finnst tvennt koma til greina: Annars vegar að það sé starfrækt undir sameigin-legri þjónustu og sé svo gert þarf að taka afstöðu til þess hvernig kostnaður eigi að skiptast. Hins vegar kæmi einnig til greina með hliðsjón af því að bókasafnið nýtist í einhverjum verulegum mæli fólki utan stofnunar, að bókasafnið sé vistað og kostað af orkumálasviði.
5. Kemur til álita e.k. samvinna við önnur bókasöfn, t.d hjá Landsvirkjun?
6. Hópnum er heimilt að taka upp og velta vöngum yfir tengdum málum eftir því sem honum þykir ástæða til.

Ég legg til að Erla Sigbórsdóttir verði fyrirliði hópsins.